Őreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

14. tölublað | Þriðjudagurinn 4. apríl 1978 | 7. árgangur | Verð kr. 80.-

„Beitt verði hörðustu aðgerðum"

Nú eru liðnir tæpir tveir mánuðir síðan kjararánsólögunum var dengt yfir launafólk landsins. Á þessum tíma skildu menn ætla að mikið hafi gerst og að verkalýðshreyfingin hafi nú brugðist hart og snöggt við í baráttunni fyrir því að hrinda þessari svívirðilegu árás.

Strax og ólögin voru samþykkt á Alþingi kom í ljós að sterkur vilji var fyrir því hjá allri vinnandi alþýðu að berjast gegn þeim og það til þrautar. Einnig brugðust forystumenn verkalýðssamtakanna fljótt við í því að gefa út stóryrtar yfirlýsingar. Slíkar yfirlýsingar hafa menn heyrt áður og hafa þær oftast reynst vera orðin tóm. Svo virðist einnig ætla að verða með þessar síðustu.

Viðbrögð forystunnar.

Á fundum forystumanna stærstu verkalýðsfélaganna hafa verið gerðar margar og kjarnyrtar samþykktir um að nú skuli "varnarbaráttu verkalýðsins snúið í sókn", "því aldrei sleppt sem unnist hefur", "beitt skuli hörðustu aðgerðum ef komi til árása á verkalýðinn" o.s.frv.. Allt er þetta gott og gilt.

En samþykktir og ályktanir hversu réttar og velortar sem þær eru, eru einskis virði sé ekki farið eftir þeim í starfi.

Ástandið í dag er þannig að auðvaldið "hefur hafið sókn", "náð til baka því sem verkalýðurinn hafði unnið á" og "ætlar sér að beita sínum hörðustu gagnaðgerðum t.d. verkbönnum, ef verkalýðshreyfingin grípur til aðgerða í því skyni að hrinda ólögunum" o.s.frv.. Þannig hafa hlutföllin snúist við í höndunum á forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar, þrátt fyrir allan þeirra fagurgala.

Ástand stéttabaráttunnar á

framhald á síðu 2.



Er verkalýðsforystan alveg sofnuð?



Meintœknar sögðu upp

Eins og sagt var frá í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar höfðu meinatæknar á prjónunum að fara í aðgerðir til að undirstrika kjarakröfur sínar. Þær fólust aðallega í tveim atriðum, þ.e. tveggja flokka launahækkun (sem er fullkomlega eðlileg, miðað við starfsmat) og fullt (þ.e. 100%) vaktaálag, en kjaranefnd hafði aðeins skammtað þeim 80% vaktaálag. Nú hefur það gerst í málinu, að meinatæknar á Borgarspítalanum, Landsspítalanum og Rannsóknarstofu Háskólans, eru hættir að sinna gæsluvöktum, til að fá leiðréttingu á vaktaálaginu. Ennfremur hafa nær allir meinatæknar á landinu sagt upp störfum frá og með 1. apríl, til að undirstrika kröfu sína um að a.m.k. tveggja launflokka hækkun fyrir alla meinatækna þ.e. að grunnlaun meinatækna verði 14. launaflokkur í stað 12. launaflokks eins og nú er. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir. Enn hafa engin viðbrögð orðið af hálfu ríkisins. Miðvikudaginn 5. apríl verður haldinn fundur í kjaranefnd og er þá e.t.v. að vænta einhverra svara við kröfum meinatækna.

Óskar Vigfússon um afmunstrunarmálið

„Öllum ráðum verði beitt"

Eins og [illegible]mið hefur fram í fjölmiðlum er nú í undirbúningi hjá Sjómannasambandi Íslands lögsókn á hendur LÍU. Málið rís vegna þeirrar svívirðu sem útgerðarmenn sýndu launþegum sínum er þeir létu afmunstra þá fyrirvararlaust þegar þorskveiðibannið gekk í gildi. Í tilefni þessa máls hafði Stb. samband við Óskar Vigfússon formann Sjómannasambands Íslands og innti hann um gang mála. Fer það viðtal efnislega hér á eftir:

Stb.: Hvernig miðar undirbúningi málsins?

Ó.V.: Um það er ekkert annað að segja en það að lögfræðingur okkar er að leggja síðustu hönd á undirbúning málsins af okkar hálfu.

Stb.: Er ekki rétt að þið teljið þetta mál vera prófmál varðandi réttindi sjómanna?

Ó.V.: Jú, við höfum athugað þetta mál út frá öllum hliðum og í ljós hefur komið að engin lög eru til sem kveða beint á um þetta atriði. Þetta ástand er auðvitað algerlega óviðunandi. Því teljum við þetta mál vera algert grundvallaratriði. Og ég vil taka það fram að ég tel að það sé mjög erfitt fyrir dómstólana að dæma í þessu máli. Það væri nefnilega ansi erfitt fyrir útgerðina að standa á sínum réttindum ynnu þeir málið því þá hlýtur að vera um gagnkvæman rétt launþega og útgerðarmanns að ræða. Fulltrúar útgerðarinnar hafa ekki gert sér grein fyrir þessu. Og við getum rétt ímyndað okkur það ófremdarástand sem skapast fyrir útgerðina ef hver sjómaður getur gengið upp á skrifstofu og afmunstrað sig án þess að tala við kóng eða prest og það án þess að vera hýrudreginn því þetta felst í raun í þessu, ef um gagnkvæman rétt er að ræða. En ef þetta verður raunin þá munum við að sjálfsögðu tilkynna okkar félagsmönnum um þessi réttindi þeirra sem þeir geta fullkomlega staðið á. En þetta mál er eins og ég sagði áðan algert grundva[illegible] atriði og við svo búið mu[illegible] við ekki una.

Stb.: Teljið þið nauðsyn að setja löggjöf um þessi mál?

Ó.V.: Já, það teljum við tvímælalaust. Það hljóta að vera grundvallarréttindi hvers launþega að hafa uppsagnarfrest þannig að hann geti leitað sér að annarri vinnu á uppsagnartímanum. Þess vegna munum við beita öllum tiltækum ráðum og vopnum til að fá þetta mál í gegn, þ.e. ef réttindi sjómanna fást ekki viðurkennd. Við munum láta einskis ófreistað þar til sigur vinnst í þessu máli.

Stéttabaráttan vill að lokum hvetja alla verkamenn og vinnandi alþýðu þessa lands til að sýna samstöðu með sjómönnum í þessu mikilvæga máli.



Óskar Vigfússon.

LEIÐARI

Kosningalýðskrum

Nú líður óðum að kosningum til Alþingis eins og sjá má hvarvetna á allri umræðu um þjóðmál.
Menn og málefni eru tekin til endurmats og snöggir blettir í orði og æði pólitískra andstæðinga tíundaðir. Stórviðburðir eins og kosningar verða jafnan þess valdandi að lýðskrum og sjálfshól þeirra sem sinna hagsmuna eiga að gæta eykst.
Það verður því ekki annað sagt en að þeir sem raunverulega eigi í vök að verjast, nú eins og endranær, séu hinir háttvirtu kjósendur.
Úr öllum áttum glymur í eyrum almennings lýðskrumsáróður, athöfnum er lofað og það sem ekki var hægt í fyrra verður hrundið í framkvæmd í ár.
Stjórnarandstaðan raular gamalt stef á þá leið að ef þið kjósið okkur þá eru áhyggjur ykkar á enda, framtíðin björt og allt er gott ef bara við erum í stjórn. Fólk verður oft hissa þegar það heyrir í stjórnmálamönnum skömmu fyrir kosningar. Öll áður óleysanleg vandamál verða skyndilega mjög einföld og meðfærileg. Lausn efnahagsvandans, verðbólgunnar, verður aðeins lítilsháttar spurning um tilfærslur. Ástæðan fyrir því að ríkisstjórninni hafði ekki tekist að gera neitt í málinu var fyrst og fremst stjórnarandstöðunni að kenna og öflum sem stjórninni voru óviðráðanleg. Ríkisstjórnin fékk einfaldlega aldrei tíma til að hrinda málunum í framkvæmd.
Stjórnarandstaðan hefur svo aftur á móti ekki getað leyst vandamálin sem að steðja í efnahagslífi þjóðarinnar, vegna veru sinnar utan stjórnar.
Allt þjóðarböl er skilgreint sem sem böl uppvakið af pólitískum andstæðingum, almenningi til hrellingar og tjóns. Hver stjórnmálaleiðtoginn bendir á annan og segir að hann sé orsök allra vandamála og ef fólk nú bara kjósi hann ekki heldur kjósi sig, þá sé allur vandi auðleystur. Sönnunin fyrir því að þetta raup stjórnmálaleiðtoganna er ekki tekið alvarlega, hvorki af þeim sjálfum né öðrum, er sú að aldrei hefur verið gripið til aðgerða gegn þeim sem þeir segja vera bölvaldinn í þjóðlífinu.
Aðgerðaleysi, sofandaháttur og orðaflóð um það sem þeir hefðu átt að gera og hvað þeir muni gera, er aðal einkenni á stefnu stjórnmálamannanna fyrir kosningarnar til Alþingis árið 1978, rétt eins og árin öll hin fyrri. Um þetta gildir einu um stjórn og stjórnarandstöðu, hverjir sem þar hafa setið og hvoru megin.
Hvað munu stjórnarflokkarnir gera til úrbóta ef við nú kjósum þá? Svarið er: Ekkert. Hvers er að vænta til úrbóta af hálfu stjórnarandstöðunnar?
Svarið er: Einskis. Hvers getur íslensk alþýða vænst frá hinni ríkjandi stétt? Einskis. Hvað vill Geir Hallgrímsson? Vera áfram ráðherra. Hvað vill Lúðvík Jósepsson? Verða aftur ráðherra.
Hver er ávinningur íslenskrar alþýðu af þeirri aðal kenningu þessara manna "farið frá svo ég komist að"? Enginn. Ráðherrar og stjórnarandstaða eru eðlislega dæmd til að gera ekkert sem að gagni kann að koma fyrir alþýðuna. Hverjir eru þá þeir einu sem færir eru um að breyta málunum og snúa þeim í betra horf? Íslensk alþýða.
Í komandi kosningum verður alþýðan að velja fólk úr eigin röðum, sem komið er til baráttunnar í því skyni að breyta og bylta ríkjandi auðmanna kerfi. Breytinga er aðeins að vænta fyrir sameinað átak alþýðufólks og samtaka þess,
Lausnanna er ekki að leita á gömlu miðunum, þar er fiskað í gruggugu vatni og þaðan er einskis að vænta.

„Beitt verði hörðustu aðgerðum"

framhald af forsíðu.

Íslandi í dag er þannig að borgarastéttin ræðst stöðugt á lífskjör og lýðréttindi alþýðunnar en verkalýðshreyfingin stendur máttvana því allar ákvaðanir um baráttu eru í höndum örfárra stéttasamvinnumanna.
Það er gott dæmi um það alræði forystumannannanna sem ríkir innan verkalýðshreyfingarinnar að fæst stærstu félögin hafa haldið félagsfundi.
Það að félagsmönnum gefst ekki tækifæri til að ræða sín mál á fundum nú þegar málin standa jafn illa og raun ber vitni, er gróft brot á lýðræðinu innan félaganna. Þess vegna krefjumst við þess að þegar í stað verði haldnir félagsfundir í verkalýðsfélögunum. Og þeir eiga að vera haldnir minnst einu sinni í mánuði og oftar þegar þörf krefur. Sú þörf er t.d. núna.



Pólitík síonista hefur hrakið hundruð þúsunda fólks á flótta.



Bandaríkjastjórn viðurkennir að Ísraelar stundi pyntingar

Í hóp þess fjölda erlendra fjölmiðla sem ásakað hafa Ísrael fyrir að pynta fanga bættist nú nýlega óvæntur stuðningur. Utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna. Í skýrslu um virðingu á mannréttindum hjá bandalagsríkjum Bandaríkjanna, sem lögð var fram í byrjun febrúar, er Ísrael ásakað fyrir að nota "hrottafullar yfirheyrsluaðferðir". Líklegt þykir að gagnrýnin komi fram vegna þess að ekki einu sinni bandarískir borgarar eru öruggir fyrir hrottafengnum Ísraelskum yfirheyrslusérfræðingum.
Það uppgötvaði a.m.k. bandaríski stúdentinn Sami Esmail, sem er af palestínskum ættum, er hann í desember í fyrra ferðaðist til vesturbakka Jórdanár. Hann var að heimsækja deyjandi föður sinn. Er hann kom til Ben Gurion var hann þegar handtekinn á flugvellinum. Fyrst viku seinna fékk bróðir Sami Esmails að heimsækja hann í fangelsið. Esmail var þá í mjög slæmu líkamlegu ástandi og sagði að hann hefði verið pyntaður reglulega og ekki verið leyft að sofa meira en tvo tíma í einu. Engar opinberar ákærur hafa verið lagðar fram á hendur Esmail en við yfirheyrslurnar var hann sakaður um að hafa komið til Ísrael á vegum "ólöglegrar hreyfingar". Ósk af hálfu Rauða Krossins um að fá að skoða Esmail var hafnað. Í Bandaríkjunum hefur nú verið stofnuð hreyfing til frelsunar Sami Esmail.
(Þýtt úr Palestinsk Front)

—•—

Ísrael - Suður Afríka

Í byrjun febrúar á þessu ári ferðaðist ísraelski fjármálaráðherrann til Suður-Afríku.
Þetta var fyrsta heimsóknin í skipulagðri röð heimsókna af hálfu ríkisstjórna beggja landanna. Niðurstaðan varð eins og vænta mátti, enn frekari betrum bætur á samvinnu og samskiptum þessara aðila.
Sem dæmi um viðskiptin má nefna:
- Suður-Afrísk aðstoð til Ísrael. 22,2 miljarðar ísl. króna
- Ísrael fær eitt landa heims að selja ríkisskuldabréf sín í Suður-Afríku.
- Niðurfelling á öllum höftum á ísraelskum útflutningi til Suður-Afríku (Hann hefur farið heldur minnkandi nú seinustu árin en var 1,15 miljarðar ísl. króna fyrstu 11 mánuðina 1977)
Suður-Afríkanskur útflutningur til Ísrael óx aftur á móti og var á sama tímabili 2,7 miljarðar ísl. króna.
- Áframhaldandi samvinna til þess að hjálpa suður-afrísku auðmagni við að ná fótfestu í Ísrael. Með þessum ráðstöfunum á að gera suður-afrískum útflutningi hægara að komast inn á hinn evrópska og ameríska markað.
- Niðurfelling á tvöfaldri sköttun á tekjum sem aflað er í öðru landinu og síðan fjárfest í hinu.
- Aukin samskipti um upplýsingar á vísindasviði.
- Ekkert var sagt opinberlega um hið viðamikla samstarf á hernaðarsviðinu.
Ísraelski sendiherrann í Suður-Afríku lét hafa eftir sér að hin auknu efnahags viðskipti þýddu að Ísrael tæki ekki þátt í "hræsninni hjá meirihluta meðlima Sameinuðu Þjóðanna" sem reynir að dylja verslun sína við Suður-Afríku.
(Þýtt úr Palestinsk Front)

—•—

RÉTTARHÖLD YFIR CROSSIANT

Nú standa yfir í Þýskalandi, réttarhöld yfir lögfræðingnum Claus Crossiant. Eins og Stéttabaráttan hefur skýrt frá var Crossiant einn af verjendum Baader-Meinhof hópsins. Hann var ákærður fyrir að vera hryðjuverkamaður og flúði land til Frakklands, en franska stjórnin framseldi hann.
Ef þýskir lögfræðingar ætla að taka starf sitt alvarlega og verja eftir mætti þá vinstrimenn sem ákærðir eru, verða þeir ofsóttir sem öfgamenn eða hryðjuverkamenn. Verjendur Crossiants hafa orðið að sæta vopnaleit, áður en þeir ganga í réttarsalinn og hefur verið leitað á þeim hátt sem lágt og þeir orðið að klæða sig úr á meðan. Vitanlega hafa lögfræðingarnir mótmælt þessu og hafa því m.a. neitað að mæta í réttarsalinn.
Eitt af því sem lýðræðinu hefur verið talið til tekna, er að allir eigi rétt á vörn við réttarhöld. Í "lýðræðis"ríkinu Þýskalandi eru verjendur vinstrimanna ofsóttir af yfirvöldum fyrir að veita þessa réttarvernd. Þeir eiga erfitt með að fá atvinnu, eru úthrópaðir glæpamenn og ef þeir láta sér ekki segjast, en verja enn skjólstæðing sinn, eiga þeir von á fangelsisvist.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

- Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.
- Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Hellisbraut 10, Hellissandi og Gísli Hjaltason pósthólf 63, Stykkishólmi.
- Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.
- Akureyri: Jón Atli Jatvarðsson, Skarðshlíð 30.
- Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
- Hornafjörður: Skúli Waldorff, Silfurbraut 2.
- Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurvegi 24.
- Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

Fjöldastefna eða fyrirsláttur

Marxíska-lenínska hreyfingin hefur vaxið að afli og áhrifum á undanförnum árum. Hún setti sér við upphaf ferðar sinnar orð Leníns að kjörorði: Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar getur ekki verið um byltingarhreyfingu að ræða. Þetta var skilyrðislaust nauðsynlegt þá, þar sem ýmis konar falsspámenn endurskoðunarstefnunnar höfðu dregið fræðikenninguna niður í svaðið, snúið út úr henni og afskræmt á allan hátt. Þegar 8. tugur aldarinnar gekk í garð, var "íslenski marxisminn" hljómlítið bergmál sovéskrar endurskoðunarstefnu. Byltingarsinnuðu innihaldi marxismans hafði verið varpað fyrir róða og eftir stóð aðeins borgaraleg þingræðisbarátta flokks, sem misst hafði nær öll tengsl við hinn vinnandi fjölda og var fullkomlega orðinn samdauna kapitalismanum. Þá var sérstaklega mikilvægt að draga skýrar markalínur milli endurskoðunarstefnu og marxisma að skilja hismi frjálshyggjunnar frá byltingarstefnunni. Enn er þetta verkefni brýnt, en nýr þáttur þess verður æ meir aðkallandi. Nú er mikilvægast að aðlaga hin almennu sannindi marxismans að baráttu íslenskrar verkalýðsstéttar fyrir frelsi sínu og framtíð. Hin fræðilega barátta sem háð var gegn endurskoðunarstefnunni í byrjun áratugsins og fjallaði að mestu um skilgreiningar á íslenska auðvaldsþjóðfélaginu og stéttunum sem takast á í því, víkur hægt en markvisst fyrir framkvæmd þeirra marxísku stefnumála sem mótast hafa í fræðilegu baráttunni. Fræðilegu baráttunni er ekki lokið. Svo lengi sem stéttir verða til - og þess er langt að bíða að þær hverfi af vettvangi sögunnar - mun verkalýðsstéttin heyja fræðilega baráttu gegn borgarastéttinni. En fræðin eru leiðsögn til athafna, framkvæmd marxískrar stefnu við íslenskar aðstæður er hið mikilvæga og knýjandi verkefni sem íslenskir kommúnistar standa frammi fyrir.



Mynd eftir rúmenska teiknarann Eugen Taru.

Pólitíkin er afgerandi.

Gervallt þjóðfélagið er nú í gerjun. Stéttirnar eru að undirbúa sig undir þau átök sem eru í vændum. Þessi undirbúningur birtist m.a. í hörðum átökum um starf og stefnu innan samtaka fjöldans. Í verkalýðshreyfingunni er að vaxa fram skipulögð andstaða gegn stéttasamstarfi og borgaralegri pólitík forystunnar. Innan andheimsvaldahreyfingarinnar er barist um stefnumótun, tekist á um leiðirnar til að skipuleggja baráttuna. Alþýðubandalagið er smám saman að missa hefðbundna forystustöðu sína innan Samtaka Herstöðvaandstæðinga, vegna undansláttar- og eiginhagsmunastefnu sinnar.
Innan kvennahreyfingarinnar takast tvær andstæðar stefnur á. Hið vaxandi og nýja innan fjöldahreyfinganna er marxisminn-lenínisminn. Hið gamla og deyjandi er borgaraleg endurskoðunarstefna. En sjálf stefnumótun marxismans verður ekki án innri átaka. Þar sem annars staðar birtist barátta stéttanna í ágreiningi um stefnuna. Deilurnar milli Kommúnistaflokksins og EIKm-l varða einmitt stefnumótun íslenskra marxista-lenínista. Pólitíska stefnan er afgerandi á þessu skeiði. Rétt pólitísk stefna mun sigra, jafnvel þótt talsmenn hennar séu fáliðaðir í dag. Hentistefna og röng pólitík er dæmd til að bíða ósigur. Í þessu ljósi verður að skoða háværar yfirlýsingar EIKm-l um eigið ágæti og falsmarxisma annara. En það er ekki sigurvænlegt eitt sér, að vera sjálfsánægður og hrokafullur. Starf EIKm-l er til frásagnar um og mælikvarði á það hvort politik þeirra er rett eða röng.

Tal um þjónustu við fjöldann til að dylja ótta við fjöldann.

Fjöldahreyfingarnar á Íslandi eru undir forystu og áhrifum borgaralegra afla. Þetta jafngildir því, að fjöldinn sé undir forystu og áhrifum borgaralegra afla. Íslenskir marxistar setja sér það verkefni að vinna fylgi og stuðning fjöldans og snúa honum til baráttu gegn auðvaldsþjóðfélaginu.
Augljóslega verður þetta ekki gert á annan hátt, en með því að afhjúpa borgaralega forystu sem svikula og fjandsamlega hagsmunum fjöldans, og svipta hana núverandi fylgi sínu. Jafnaugljóst er, að slík barátta getur hvergi annars staðar farið fram en innan fjöldahreyfinganna. Íslenskum marxistum er nauðugur einn kostur að starfa af alefli innan fjöldahreyfinganna og heyja návígi við fulltrúa borgaralegra skoðana þar um stefnu og starf fjöldahreyfinganna. Og það er einmitt í þessu atriði, sem EIKm-l verður á í messunni. Í stað þess að berjast innan fjöldahreyfinganna, velja samtök þessi að beita gamalkunnri en sérkennilegri baráttuaðferð.
Jafnframt háum yfirlýsingum um byltingarstefnu og fjöldastefnu sína, draga þau sig út úr fjöldahreyfingunum. Í stað þess að takast á við hin flóknu og erfiðu verkefni baráttunnar, bregða þau sér í hin ýmsu dulargervi, allt eftir því hvaða málefni baráttunnar um ræðir.
Á 1. maí heita samtökin "Samfylking", þann 21. ágúst kalla þau sig "21. ágústnefndina", þegar haustar breytast þau í "1. des.nefndina" og í marsmánuði bera þau nafnið "8. marsnefndin". Á milli þessara baráttudaga, heita þau svo EIKm-l og eru leiðtogar ofantalinna fjöldahreyfinga. Þessi sérkennilega baráttuaðferð einangrunarstefnunnar hefur ýmsa kosti fyrir EIKm-l sjálf. Þau slá aðgerðum "fjöldahreyfinganna" upp í málgagni sínu og hælast um í málgögnum systurflokka sinna erlendis fyrir mátt sinn og megin. Fyrir fjöldann hefur þessi baráttuaðferð nánast bara ókosti í för með sér.
Fyrir það fyrsta kæmi þetta fólk áreiðanlega að notum í baráttunni innan fjöldahreyfinganna, ef það veldi leið baráttunnar í stað sjálfumgleði einangrunarstefnunnar.
Þess utan valda EIKm-l klofningi og skemmdarverkum á baráttunni gegn endurskoðunarstefnunni innan fjöldahreyfinganna og veita foringjum hennar tækifæri til að stimpla kommúnistana sem klofningsmenn í augum fjöldans. Þau veifa rauðum fána til þess eins að dylja klofningsaðgerðir sínar. Allri gagnrýni um klofningsstarf er umhugsunarlaust vísað á bug með fullyrðingum um að EIKm-l séu að skilja sig að frá endurskoðunarsinnum og hentistefnumönnum. Þau gæta þess hins vegar ekki að þau skilja sig að frá fjöldanum og einangrast.
Og það gildir einu hversu oft EIKm-l lýsa því yfir að þau starfi í þágu fjöldans, meðan starf þeirra ber greinileg merki þess að þau óttast baráttuna um fylgi fjöldans. Afleiðingin af einangrunarhyggjunni verður skiljanlega sú, að samtökin megna ekki að gera greinarmun á borgaralegri forystu og fjöldanum.
Þau hefja sig upp yfir baráttu stéttanna og stimpla alla aðra "tækifærissinna og falsmarxista".


Nokkur dæmi um þess stefnu EIKm-l.

Þann 21. ágúst klufu EIKm-l sig út úr samstarfi við Herstöðvaandstæðinga og stofnuðu "21. ágústnefndina" sem raunar hlaut stuðning SHA að vissu leyti. Á hinn bóginn varð þetta klofningsstarf EIKm-l til þess að veikja aðstöðu þeirra afla innan SHA sem berjast vilja gegn sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna. Þetta veitti endurskoðunarsinnum tækifæri til að draga sig út úr starfinu og kraftur mótmælanna varð minni en skyldi, tvímælalaust vegna hentistefnu EIKm-l. Samtökin réðust m.a.s. að mótmælaaðgerðum SHA með rógi og lygum til að bæta gráu ofan á svart. Hið sama var uppi á teningnum í mótframboðinu innan Dagsbrúnar. Þar setti EIKm-l sig af heift gegn þeim sem stóðu að framboðinu og veittu þannig forystu Dagsbrúnar "gagnrýninn stuðning" sinn. Þetta kom sem beint framhald af stuðningi EIKm-l við stefnu ASÍ-forystunnar í síðustu kjarasamningum, en þá snerust samtökin einkum gegn stefnu Kommúnistaflokksins, en höfðu sömu kröfu á oddinum og ASÍ-forystan. Nú eftir að forystan hefur ógilt framboðið hafa samtökin tvíeflt árásir sínar á þá verkamenn sem að framboðinu stóðu og kallað það "stuðning við Dagsbrúnarforystuna".
Það er erfitt að gera sér í hugarlund hvernig slík röksemdafærsla er soðin saman. Hún er í anda þeirra fullyrðinga EIKm-l að mótmælaaðgerðirnar gegn sovésku sósíal heimsvaldastefnunni þann 21. ágúst s.l. hafi í raun verið stuðningur við Sovétríkin. Eins og fólki er kunnugt, eru þetta nákvæmlega sömu rök og leigupennar Morgunblaðsins notuðu í árásum sínum á aðgerðir SHA.
Þann 1. des. héldu EIKm-l sérstakar aðgerðir sem beint var m.a. gegn aðgerðum stúdenta í Háskóla Íslands. Hið sama skeði nú, þann 8. mars. Vaknandi barátta á grundvelli stéttabaráttunnar innan Rauðsokkanna er alls stuðnings verð, en EIKm-l valdi samt leið klofningsins. Og það gagnar Verkalýðsblaðinu lítið að titla alla sem ekki taka þátt í aðgerðum EIKm-l "endurskoðunarsinna" osfrv. Það er að kunna ekki að skilja á milli fjöldans og tiltölulega fámenns hóps endurskoðunarsinna.

Leggjum traust okkar á fjöldann.

EIKm-l hafa gegnt sundrungarhlutverki í byltingarhreyfingunni og aðalmarkmiðið í þessu sundrungarstarfi er að reyna að kljúfa og brjóta niður Kommúnistaflokkinn. Þess vegna hafa allra handa hentistefnumenn á borð við Ólaf Ingólfsson og Hjálmtý Heiðdal átt griðastað innan EIK að launum fyrir svik þeirra og trotskíska klíkustarfssemi gegn flokknum.
EIKm-l hafa einkum og sér í lagi fært einangrunarstefnu KSML á árunum 1972-74 í tal og reynt að stimpla Kommúnistaflokkinn "endurskoðunarsinnaflokk", þrátt fyrir að hann hafi fyllilega gert upp við þessar villur. Það sem er þó merkilegast er að EIK ástundar nú sams konar einangrunarstefnu og KSML gerði á fyrstu árum starfs síns. Vilji félagar EIKm-l berjast gegn einangrunarstefnunni í einlægni og ekki bara sem lýðskrum, ættu þeir að snúa sér að því af krafti að gera upp við þá fáu einstaklinga í forystu samtakanna sem standa fyrir einangrunarstefnu og sundrungu EIKm-l. Þannig og aðeins þannig er hugsanlegt að hægt sé að sameina alla íslenska marxista-lenínista undir merkjum eins og sama flokks.
Kommúnistaflokkurinn hafnar sundrungarstefnu EIKm-l og falskri "fjöldastefnu" fullkomlega. Kommúnistaflokkurinn leggur traust sitt á fjöldann og hvetur alla einstaklinga sem raunverulega vilja berjast fyrir byltingarsinnuðum hagsmunum fjöldans til samstarfs gegn fjandmönnum okkar - risaveldunum tveimur, íslenska einokunarauðvaldinu og endurskoðunarsinnuðum talsmönnum þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar. Meginstefna Kommúnistaflokksins er að sameina alla þá sem hægt er að sameina gegn stéttaróvininum, en einangra hinn fámenna hóp endurskoðunarsinna og hentistefnumanna sem vinna að sundrungu innan raða alþýðunnar.

vífill.



Beðið eftir flokksstofnun

Lesandi Stéttabaráttunnar sendi blaðinu þessa mynd í tilefni þess að Ari T. Guðmundsson formaður EIK(m-l) ætlar sér að stofna Kommúnistaflokk fyrir árið 1980. Eins vegna ummæla hans að "Íslenskir kommúnistar nú á dögum standa betur að vígi en kommúnistar þá og hafa náð betri árangri á sama tíma". Samkvæmt skilgreiningu EIK(m-l) þá eru Eikarar einu kommúnistarnir á Íslandi og það sem Ari á við með fyrrgreindum orðum er, að EIK(m-l) hafi náð meiri og betri árangri en gamli Kommúnistaflokkur Íslands á jafn löngum tíma.
Dramb er falli næst. (Sjá nánar um sama mál í 12. tbl. STB.)



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
14. tbl. 7. árg. 4.4. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R

Viljinn i verki

Nýlega var haldin á Kjarvals stöðum sýningin "Viljinn í verki", sem Styrktarfélag vangefinna stóð fyrir. Á sýningunni voru handavinna, teikningar og myndir frá öllum stofnunum fyrir vangefið fólk hérlendis. Var ætlunin með þessari sýningu að vekja fólk til umhugsunar um málefni vangefinna; aðbúnað þeirra, þjálfun og mannréttindi.

Mesta athygli vöktu listilega gerðir munir, sem margir áttu bágt með að trúa að vangefnir hefðu unnið. En vangefið fólk er mjög misjafnt. Sumir geta náð miklum árangri með góðri þjálfun, en aðrir geta aldrei stjórnað fingrahreyfingum, hvað þá saumað með nál. Þeir eru margir sem enga muni áttu á þessari sýningu, en þeir þarfnast ekki síður athygli.

MENNTUN VANGEFINNA.

Í lögum er kveðið svo á um að allir skuli eiga kost á menntun við sitt hæfi. Margur brestur er á framkvæmd þessara laga og þá ekki síst í menntun vangefinna. Hvað er skóli fyrir vangefna? Geta þeir lært að lesa og skrifa? Já, sumir en ekki allir. Er þá nokkur menntun við hæfi þeirra sem geta það ekki? Já, fyrir vangefið fólk er það skóli að læra að klæða sig, hneppa tölum, ganga um stiga, borða eða bursta tennurnar. Reyndar kennum við sjálf börnum okkar þessa hluti, en vangefin börn eru bara lengur að læra þá. Það getur einnig verið skóli að læra að lyfta höfðinu, eða halda utan um hluti, því margt vangefið fólk er einnig fatlað. Vangefið fólk á alveg nákvæmlega sama rétt á þessari kennslu, eins og við hin til kennslu í barnaskóla eða háskóla. En hvert er þá viðhorf ríkisvaldsins til þessarar menntunar? Þegar ráða þarf kennara, spyr ráðuneytið: Er einhver þörf fyrir kennara, hvað getur þetta fólk lært? Þegar í ljós kemur að það getur e.t.v. ekki lagt saman 2 og 2, þá þykir ráðamönnum ekki ástæða til að eyða á þá aurum.

AÐBÚNAÐUR Á STOFNUNUM

Meginhluti starfsfólks á stofnunum fyrir vangefna, hefur enga sérmenntun. Enn fremur er starfsfólk haft eins fátt og mögulegt er. Á deildum sem þeir vistmenn eru á, sem minnst geta bjargað sér, er því ekki aðstaða til að sinna nema brýnustu þörfum vistmanna, svo sem að klæða þá, skipta á þeim sem hafa ekki stjórn á hægðum sínum, baða þá, aðstoða þá við að borða og gæta þess að þeir fari sér ekki á voða. Lítill tími er því eftir til þjálfunar, útiveru, eða annarar umönnunar. Enn vantar mikið upp á að nægilega vel sé búið að vangefnum. Þó hefur mikil breyting orðið hér á á undanförnum árum, bæði hvað varðar stofnanir og viðhorf almennings. Má þar mikið þakka Styrktarfélagi vangefinna og foreldrafélögum þroskaheftra barna. Meðal breytinga á stofnunum má nefna að æ meiri áhersla er lögð á að hafa þær heimilislegar og bæta þjálfun vistmanna. Hér er þó við rammar reip að draga þar sem ríkisvaldið sker niður við trog, öll framlög til stofnananna.

ATVINNUTÆKIFÆRI

Að framan hefur verið fjallað nokkuð um þá sem mest eru vangefnir, en sumir vangefnir eru líka fast að því sjálfbjarga. Atvinnutækifæri þessa fólks eru vægast sagt fá. Atvinnurekendur hafa lítinn áhuga á að fá það í vinnu, þar sem ekki er hægt að þræla því út á sama hátt og þeim sem heilbrigðir eru og ríkið vill ekki kosta upp á vinnustofur sem ekki skila góðum arði. Dagpeningar til vangefinna eru lægri en til fólks á t.d. elliheimilum, eða um 3000kr á mán. Vangefnir hafa fulla þörf fyrir vasapeninga og það veitir þeim ánægju að þurfa ekki aðeins að vera þiggjendur, heldur einnig veitendur og geta t.d gefið afmælisgjafir, borgað bíó og skemmtanir, keypt sér muni og gefið öðrum með sér. Þá er einnig mikilvægt að kenna vangefnum að sjá um sig sjálfum. Er nú að myndast vísir að því, þar sem vangefnir búa undir umsjá og læra heimilishald.

VANGEFINN EÐA ASNI.

Það er ekki nóg að vangefnir geti unnið og haldið heimili, þeir þarfnast einnig skilnings og stuðnings annara þjóðfélagsþegna. Allir eru sammála um að vangefinn einstaklingur sem er inni á stofnun þarfnist aðstoðar og samúðar, en ef hann er "úti í þjóðfélaginu", er ótrúlega mikið um að dagfarsprúðasta fólki finnist sjálfsagt að notfæra sér "asnann", spila með hann og níðast á honum. Síðarnefnda afstaðan er sem betur fer ekki alltaf fyrir hendi en einnig veldur það bæði aðstandendum vangefinna og þeim sjálfum miklum óþægindum að geta hvergi komið á mannamót án þess að fólk ætli að glápa úr sér augun, eða fari svo hjá sér áberandi óeðlilegt sé. Að fela vangefna eins og tilhneigingar hafa verið til, veldur aðstandendum þeirra oft miklum sálarkvölum. Þeir þyrftu að koma miklubetur fram í þjóðfélaginu, það ynni gegn fordómum og kenndi okkur aukna tillitsemi.

TILVERURÉTTUR.

Fasistar hafa lengi haldið á lofti þeirri kenningu að vangefin börn ætti að drepa við fæðingu og útrýma því vangefna fólki sem til er. Þetta rökstyðja þeir með því að framfærsla vangefinna sé aðeins kostnaður fyrir þjóðfélagið og þeir skapi því engan arð. Með þessu afhjúpast grundvallarviðhorf auðvaldsins: Þeir sem ekki skapa gróða eiga engan tilverurétt - undanskildir eru auðherrarnir...

Verkfalli kolanámumanna lokið

Verkfalli kolanámumanna í bandaríkjunum lauk þann 25. mars sl. Hafði það þá staðið í 110 daga sem er met í lengd kolanámuverkfalls.

Hinir 180.000 verkfallsmenn börðust hetjulega og stöðugt fyrir megin hagsmunum sínum

Þeir höfnuðu tveim samningsuppköstum sem námueigendur og forystumenn verkalýðssambandsins komust að og héldu verkfallinu áfram þrátt fyrir að stjórnin beitti lögum til að þvinga þá aftur til vinnu. Þá urðu námueigendur að falla frá fyrirhuguðum refsiaðgerðum sem þeir gátu beitt gegn skæruverkföllunum. Kröfur verkamannanna um ókeypis heilbrigðisþjónustu og lífeyristryggingar náðust ekki fram að fullu. Nýr samningur var þannig gerður milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda, en yfirvöld voru farin að óttast bylgju skæruverkfalla ekki síðar en í sumar.

Verkfall kolanámumannanna greiddi bandaríska einokunarauðvaldinu þungt högg. Formælendur kolaiðnaðarins sögðu að eigendurnir hefðu tapað á því um 88 milljón vinnustundum og 120 milljón tonnum af kolum. Þá hefði það þýtt fyrir heildarefnahaginn tap upp á 3.5 billion dollara. Rafmagns-, stál- og vélaiðnaður urðu einnig illa fyrir barðinu á verkfallinu.

(Byggt á Hsinhua news).

Herstöðvaandstæðingar til starfs og baráttu



Frá baráttufundi í Háskólabíói 30. mars.

Eins og auglýst var í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar þá gengust Samtök herstöðvaandstæðinga fyrir baráttufundi þann 30. mars s.l. í Háskólabíói. Húsið var troðfullt út úr dyrum, rétt eins og árið áður. Fjölbreytt baráttu-og skemmtidagskrá hélt fólki við efnið en þó skorti að sú baráttustemmning næðist á þessum fundi, sem verið hefur áður á samkomum herstöðvaandstæðinga. Undantekning er þó fjöldasöngurinn í lokin sem þeir Árni Björnsson og Elías Davíðsson stýrðu.

Þursaflokkurinn lék nokkur lög og var músík hans góð en mikið skorti á að textarnir ættu beinlínis við herstöðvamálin.

Fluttur var heimildaþáttur eftir Flosa Ólafsson þar sem rakin var barátta íslendinga fyrir sjálfstæði og gegn landsölumönnum frá upphafi Íslands byggðar. Átti þáttur þessi vel við, vegna baráttunnar gegn herstöðvasinnum og fylgjendum aronskunnar.

Ávarp fluttu Tryggvi Gíslason skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Hann benti m.a. á þá hættu sem íslensku tungunni stafaði af veru hersins hérlendis og á það að baráttan gegn hernum og hernaðarbandalögum væri barátta gegn mannvígum.

Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri flutti ávarp og benti hún m.a. á að sú röksemd að mestu máli skipti að íslendingar slyppu lifandi ef kæmi til heimstyrjaldar væri lítilmannleg. Íslendingar eiga ekki að frýja sig ábyrgðar af heimsstyrjöld frekar en aðrar þjóðir og verða því að taka þátt í baráttunni fyrir friði í heiminum. Einn liður í þeirri baráttu er að herinn hverfi úr landi og Ísland gangi úr NATO.

Helgi Guðmundsson formaður Trésmiðafélagsins á Akureyri flutti stutt óundirbúið ávarp og hvatti til áframhaldandi baráttu.

Ýmislegt fleira var á dagsskrá sem of langt mál yrði að telja upp hér en segja má að fundurinn hafi verið vel heppnaður og vel að honum staðið.

En ekki má láta þar við sitja því enginn sigur vinnst með fundarsetunni einni. Herstöðvaandstæðingar verða að sýna mun meiri fjöldavirkni í starfi og baráttu. Enginn fundur er fundarins vegna heldur er hann hvatning og skipulagning fyrir áframhaldandi baráttu. Með fundarsetunni einni vinnst aldrei sigur í neinu máli og allra síst slíku sem því að koma hernum úr landi og snúa baki við NATO.

Herstöðvaandsæðingar mætum til starfa á skrifstofu samtakanna að Tryggvagötu 10 síminn er 17966. Þar geta menn fengið nóg að starfa.